

**Nd.**

**523. Frumvarp til laga**

[231. mál]

um breytingu á lögum nr. 19 4. nóvember 1887, um aðför.

Frá allsherjarnefnd.

1. gr.

1. mgr. 25. gr. laganna orðist svo:

Segi dómfelldi eða sá sem málstað hans tekur eigi til má dómhafi tiltaka þá muni er taka skuli fjárnámi. Eins má dómhafi segja til ef dómfelldi er kvaddur til gerðarinnar eftir 2. mgr. 33. gr. en hann mætir eigi eða nokkur til að taka málstað hans.

2. gr.

33. gr. laganna orðist svo:

Þegar aðfararheimild er fyrir hendi og fógeti álitur að öðru leyti ekkert því til fyrirstöðu að verða við beiðni um aðför tiltekur hann stund til aðfarar svo sem verða má eftir óskum dómhafa.

Ef dómhafi óskar þess skal aðför hefjast á skrifstofu fógeta en kveðja skal þá dómfellda til gerðarinnar með ábyrgðarbréfi, símskeyti eða öðrum sannanlegum hætti með minnst þriggja sólarhringa fyrirvara. Að öðrum kosti skal aðför hefja á heimili dómfellda. Jafnan má þó aðför hefja þar sem dómfelldi hittist annars staðar fyrir.

Ef maður er dæmdur til að framselja muni eða að láta þá af hendi má aðför hefja þar sem þeir eru fyrir.

Nú á dómfelldi eigi heimili hér á landi og er þá rétt að hefja aðför þar sem hann hittist fyrir eða munir hans sem til fullnægingar má nota.

3. gr.

34. gr. laganna orðist svo:

Eigi verður af aðför nema dómhafi sé viðstaddur eða löghæfur umboðsmaður hans.

Eigi tálmar það aðför þótt dómfelldi sé eigi viðstaddur eða einhver í umboði hans. Nú hefur dómfelldi verið kvaddur til gerðarinnar eins og segir í 2. mgr. 33. gr. og má þá gera aðför þótt enginn sé viðstaddur til að taka málstað hans. Annars skal fógeti skora á maka dómfellda eða annan lögráða heimilismann að taka málstað hans. Ef enginn þessara manna er viðstaddur eða vill takast það á hendur skal fógeti beina líkri áskorun að þeim sem kunnugur er dómfellda en ella öðrum lögráða manni sem viðstaddur er.

4. gr.

2. mgr. 45. gr. laganna orðist svo:

Því næst kveður fógeti svo á í bókinni að hinir uppskrifuðu munir séu teknir fjárnámi fjárnámshafa til fullnægingar og lætur dómfellda vita að upp frá þessu varði það hegningu að gera nokkrar þær ráðstafanir um muni þessa er komi í bága við rétt dómhafa. Sé dómfelldi eigi viðstaddur og heldur enginn heimilismanna hans skal fógeti tilkynna honum um þetta með ábyrgðarbréfi.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Um skýringar á flutningi frumvarps þessa vísast til álits nefndarinnar á þingskjali 522 um 34. mál, frumvarp til laga um breytingu á aðfararlögum, flutt af Jóni Magnússyni.